



## FUNDARGERÐ

25. fundur Odda bs

haldinn <https://zoom.us/j/843151463> , 24. mars 2020

og hófst hann kl. 08:15.

### Fundinn sátu:

Björk Grétarsdóttir, Haraldur Eiríksson, Margrét Harpa Guðsteinsdóttir, Ásta Berghildur Ólafsdóttir, Elín Grétarsdóttir og Valtýr Valtýsson.

**Fundargerð ritaði:** Ágúst Sigurðsson, sveitarstjóri.

Áður en gengið var til dagskrár þá lagði formaður til að við bættist liður 2. Ársreikningur Odda bs 2019 og var það samþykkt samhljóða. Klara Viðarsdóttir sat fundinn undir liðum 1 og 2.

### Dagskrá:

#### 1. Rekstraryfirlit Odda bs 2020 - 2001020

*Rekstur Odda bs jan-feb 2020*

KV fór yfir og kynnti rekstraryfirlit fyrir janúar-febrúar 2020. Farið var yfir útfærslu á innheimtu leikskólagjalda í ljósi mikilla forfalla leikskólabarna vegna COVID19. Tillaga um að einungis verði innheimt fyrir þá daga sem þjónusta hefur verið veitt í samræmi við mætingaskrá sem leikskólastjórar halda. Samþykkt samhljóða.

#### 2. Ársreikningur Odda bs 2019 - 2003023

*Ársreikningurinn lagður fram til staðfestingar.*

Lagður fram og kynntur Ársreikningur 2019 fyrir byggðasamlagið Odda bs. Ársreikningurinn var samþykktur samhljóða.

#### 3. Viðbragðsáætlun vegna COVID19 - 2003021

*Staða mála.*

ÁS fór yfir stöðu mála í skólum Odda bs en skólastarf hefur verið mjög skert síðustu vikuna. Þrátt fyrir mjög erfiðar aðstæður þá hefur skólastarfið engu að síður gengið ótrúlega vel. Stjórn Odda bs vill nota tækifærið og lýsa yfir mikill ánægju með störf skólastjórnenda og starfsmanna sem hafa staðið sig frábærlega við þröngar aðstæður. Þá hefur samstarf við foreldra verið einstaklega gott og það ber að þakka.

#### 4. Samkomulag um greiðslu ferðakostnaðar - 2002057

*Samkomulag við Verkalýsðfélag Suðurlands til staðfestingar.*

Samkomulagið staðfest samhljóða.

#### 5. Efling náms í upplýsingatækni og forritun - 1901030

*Fundur með skólastjórum grunnskólanna*

Undir þessum lið komu til fundar Sigurjón Bjarnason skólastjóri Laugalandsskóla, Kristín Sigfúsdóttir skólastjóri og Kristinn Ingi Guðnason aðstoðarskólastjóri

Grunnskólans á Hellu. Þau fóru yfir stöðu mála varðandi kennslu í upplýsingatækni og forritun við skólana. Fram kom að skólarnir eru að vinna með þessi mál nú þegar og hafa í undirbúningi að bæta verulega í hvað þessi mál varðar. Þá kom fram að skólarnir eru með í undirbúningi þétt samstarf um þessi mál og mögulega samnýtingu starfsmanna. Tillaga er um að óska eftir því að skólarnir geri sameiginlega þarfagreiningu varðandi vinnu og búnað sem leggja mætti fyrir vorfund Odda bs. Þannig gæfist tími til að undirbúa málið fyrir næstu fjárhagsáætlun Odda bs og þá samhliða væri hægt að taka formlega ákvörðun um að forritun verði hluti af skólastefnunni og í ríkari mæli hluti af námskrám skólanna.

Samþykkt samhljóða.

### **Gestir**

Kristinn Ingi Guðnason - 09:10

Kristín Sigfúsdóttir - 09:10

Sigurjón Bjarnason - 09:10

### **6. Mannauðsmál skólanna - 1610046**

*Trúnaðarmál*

*Elín Grétarsdóttir vék af fundi undir þessum lið.*

Fært í trúnaðarmálabók.

Fundargerð yfirlésin og samþykkt rafrænt með tölvupósti.

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 10:20.**

---

Björk Grétarsdóttir

---

Haraldur Eiríksson

---

Margrét Harpa Guðsteinsdóttir

---

Ásta Berghildur Ólafsdóttir

---

Elín Grétarsdóttir